



**Kirkjukór Möðruvallaklausturskirkju** var stofnaður haustið 2000 og var fyrsti kórstjóri hans Birgir Helgason. Helga Bryndís Magnúsdóttir stjórnaði kórnum á árunum 2003 – 2010 en núverandi kórstjóri er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Kórinn syngur við kirkjulegar athafnir, heldur sjálfstæða tónleika og annað sem kórfélagar koma sér saman um að taka að sér. Kórinn syngur tónlist frá ýmsum löndum og tímabilum og heldur reglulega tónleika, víða um land. Félagsstarf innan kórsins er öflugt og kórinn tekur þátt í alls kyns spennandi og menningartengdum verkefnum.